

Læsi

fyrir lífið

MÁL- OG LÆSISSTEFNA FLÓAHREPPS

Læsi er undirstöðupáttur mannréttinda og lykilpáttur í þróun manneskjunnar. Það er lykill að nýrri þekkingu og leið til að nýta þau tækifæri sem lífið hefur upp á að bjóða. Læsi barna er samvinnuverkefni heimilis og skóla. Foreldrum ber að vera virkir í læsisuppeldi barna sinna. Mikilvægt er að lesa fyrir og með börnum daglega og skapa jákvætt viðhorf til lestrar. Lestur er ævilöng iðja.

EFNISYFIRLIT

1. Læsi fyrir lífið
2. Grunnþættir máls og læsis
3. Lykilþættir mál- og læsisstefnu
 - 3.1 Almennt
 - 3.2 Foreldrasamstarf
 - 3.3 Lestrarmenning
 - 3.4 Fjöiltyngi og fjölmennning
 - 3.5 Frávik og íhlutun
 - 3.6 Starfspróun
4. Verkferlar
5. Viðmið um árangur
6. Lesferill Menntamálastofnunar (MMS)
7. Fræðsluefni og námsgögn
8. Heimildir og stuðningsrit

1. LÆSI FYRIR LÍFIÐ

Læsi er einn af sex grunnþáttum menntunar, eins og segir í Aðalnámskrám leikskóla og grunnskóla frá 2011. Það er undirstaða alls náms og er m.a. ætlað að stuðla að samfellu í skólastarfinu. Samkvæmt skilgreiningu UNESCO, menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, er læsi undirstöðupáttur mannréttinda og lykilþáttur í þróun manneskjunnar og hæfni hennar til að takast á við lífið (Unesco, 2012).

Hugtakið læsi (e. *literacy*) er komið úr latínu. Læsi í hefðbundnum skilningi felur í sér glímu við ritað mál; kunnáttu og færni sem þarf til að geta skilið texta og fært eigin hugsun í letur. Í víðum skilningi er það félagsfræðilegt; læsi er þá að geta tekið þátt í samfélaginu. Læsi snýst um samband orðanna við lífið sjálft. Góð færni í læsi er því forsenda skilnings á nánasta umhverfi og samfélagi og hefur áhrif á möguleika hvers einstaklings til að tjá sig og njóta sín í lífi og starfi.

Máluppeldi hefst við fæðingu. Talmálið er fyrsta og mikilvægasta undirstaða þess að skilja ritmálið. Mál og læsi er þannig þróunarferli sem heldur áfram allt lífið. Með því að leyfa börnum að heyra fjölbreytilegan orðaforða eykst málskilningur þeirra og þau verða færari að takast á við lestrarnámið. Gott samstarf við foreldra og virk þátttaka þeirra í mál- og læsisuppeldi barna sinna hefur bein áhrif á lífsgæði barnanna til framtíðar.

Í Flóahreppi er einn leikskóli og einn grunnskóli. Á Krakkaborg fer fram skipuleg og markviss málörvunarvinna í gegnum leik og skapandi starf. Þjálfaðir eru allir þættir móðurmálsins; tal, hlustun, orðaforði og málskilningur og grunnurinn lagður að þroska nemenda sem býr þau undir lestrarnámið er við tekur í Flóaskóla. Þar er fylgst með framvindu nemenda í lestri með reglubundnum skimunum og brugðist við vísbendingum um lestrarvanda með snemmtækri íhlutun. Inngrip geta verið væg eða víðtæk, allt eftir eðli frávikanna. Sé ekki brugðist fljótt við geta lestrarerfiðleikar komið niður á námsárangri nemenda og haft áhrif á hegðun þeirra og líðan.

Lestur er ein flóknasta færni sem barn þarf að ná tökum á í lífinu. Því er mikilvægt að halda vel utan um lestrarþjálfunina. Enginn nær góðri lesfimi án lestrarþjálfunar. Læsi barna er samvinnuverkefni heimilis og skóla. Foreldrum ber að taka þátt í daglegri lestrarþjálfun barna sinna með samveru sem felur í sér virka hlustun og samtal um textann. Skapa þarf jákvætt viðhorf til lestrar og veita börnum fjölbreytt tækifæri til að efla færni sína. Mikilvægt er að lesefnið veki áhuga barnanna svo að þau upplifi ánægjulega lestrarstund og geri bækur að vinum til framtíðar. Lestrarþjálfun skal haldið áfram út allan grunnskólann að lágmarki fimm sinnum í viku. Lestur er ævilöng iðja.

Mál- og læsisstefna Flóahrepps, *Læsi fyrir lífið*, er lifandi skjal sem ber að endurskoða og uppfæra reglulega, ekki sjaldnar en þriðja hvert ár. Skólar sveitarfélagsins útfæra nánar stefnu þessa í gerð eigin mál- og læsisstefnu með áætlun um eflingu læsis á öllum skólastigum í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla og stefnu skólayfirvalda á hverjum tíma. Skólastjórar eru faglega ábyrgir fyrir framkvæmd læsisverkefnis og faglegu lærdómssamfélagi.

Pingborg, 28. maí 2019
Fræðslunefnd Flóahrepps

2. GRUNNÞÆTTIR MÁLS OG LÆSIS

Strax í leikskóla hefst undirbúningur lestrarnámsins. Hugtakið bernskulæsi (e. *emergent literacy*) felur í sér ákveðna þekkingu, færni og viðhorf barna til læsis. Ferlið er gagnvirkt, því málproski hefur áhrif á læsi og læsi hefur áhrif á mál. (Halldóra Haraldsdóttir, 2012). Þættir máls og læsis í leikskóla eru orðaforði og málskilningur, máltjáning og frásagnarhæfni, hlustun, hljóðkerfisvitund og ritmál. Í grunnskóla hefst hið eiginlega lestrarnám. Eftirfarandi hugtök eru grunnþættir læsis – en lesa má meira um hvert þeirra t.d. á vef *Miðju máls og læsis* og *Lesvefnum* (sjá listann Fræðsluefni og námsgögn hér aftast).

HLJÓÐKERFISVITUND (e. *phonological awareness*)

Hljóðkerfisvitund er sá hluti málproskans sem hefur með lesturinn að gera. Þroskuð hljóðkerfisfærni er mikilvæg til að eiga möguleika á að ná góðum tókum á lestri. Hún felur í sér tilfinningu og næmi einstaklings fyrir hljóðrænni uppbyggingu tungumálsins; hvernig greina má talmál niður í smærri hljóðeiningar og vinna með einingarnar á ýmsa vegu.

LESBLINDA (e. *dyslexia*)

Orðið *dyslexía* er komið úr grísku. *Dys* merkir „erfiðleikar“ og *lexis* „orð“. Lesblinda er skilgreind sem ásköpuð málhömlun sem lýsir sér í erfiðleikum í umkóðun stakra orða (e. *single word decoding*) og ber vott um ófullnægandi hljóðkerfisúrvinnslu. Erfiðleikarnir ná til lestrar, stafsetningar og ritunar og eru ekki í samræmi við aldur, námsgetu og vitsmuni. Mikilvægt er að nemendur með lesblindu nýti sér hljóðbækur til að efla málproskann og tileinka sér námsefni.

LESFIMI (e. *reading skills*)

Lesfimi er samsett færni sem byggir á lestrarnákvæmni (að lesa rétt), sjálfvirkni (að geta lesið fyrirhafnarlaust og með góðu flæði) og hrynrænum þáttum tungumálsins (að lesa með réttum áherslum og eðlilegu hljómfalli). Slök lesfimi hindrar lesskilning því þá fer einbeitingin í umkóðun orða í stað merkingar textans. Lesfimi er mæld sem rétt lesin orð á mínútu. Farið er eftir lesfimi viðmiðum Menntamálastofnunar (sjá 6. kafla).

LESSKILNINGUR (e. *reading comprehension*)

Lesskilningur er flókið ferli sem felur í sér fjölpætta, hugræna og málræna úrvinnslu, auk túlkunar lesandans á textanum. Mikið reynir á rökhugsun sem háð er þjálfun, ögun og þeim efnivið sem unnið er með hverju sinni. Frávik í einum þessara þátta getur leitt til vanda í lesskilningi. Markmið með námi barna er ævinlega að skilja það sem lesið er.

LESTRARÞJÁLFUN (e. *literacy training*)

Lestur þarf stöðugt að þjálfast ef lesfimin á að aukast. Korter á dag getur gert gæfumuninn. Lestrarkennslan fer fram í skólanum en lestrarþjálfunin á sér stað heima. Foreldrar eru mikilvægar fyrirmyndir og ber að vera ábyrgir þátttakendur í læsisuppeldi barna sinna. Lestur eykur orðaforða, orðaforði eflir lesskiling og lesskilningur er grunnur alls náms.

LÆSI (e. *literacy*)

Að vera læs í almennri merkingu er einfaldlega að geta lesið ritað mál og skilið það, auk þeirrar færni að geta skrifað texta samkvæmt viðurkenndri stafsetningu. Tækniþáttur lestrarins byggir á umkóðun og málskilningi en skilningshlutinn reynir m.a. á orðaforða, áhuga, reynslu, ályktunar-

og samskiptahæfni. Í útvíkkaðri merkingu felur læsi í sér færni einstaklings til að lesa, skrifa og tala tungumál sitt, fást við tölur, geta aflað sér og tjáð sig um upplýsingar og leyst vandamál sem verða á vegi í vinnu og samfélagi, sjálfum sér og umhverfi sínu til gagns. Þá er *nýlæsi* leikni í notkun upplýsingatækni og miðlunar, auk læsis á umhverfið. Kjarni læsis verður þó alltaf að geta notað tungumálið á virkan hátt til skilnings og sköpunar.

MÁL & MÁLÞROSKI (e. *language & oral language skills*)

Málið er eitt öflugasta verkfæri hugsunarinnar. Börn læra að nota orð, bendingar og hljóð til þekkingarleitar og samskipta. Málskilningur vísar til skilnings á mæltu máli. Málþroski felur í sér bæði skilning á og úrvinnslu úr hljóðum, orðaforða, málfræði, setningafræði og málnotkun. Málhegðun er vitundin um það hvernig mál er notað á ólíkan hátt við mismunandi aðstæður. Tengsl eru milli málþroska, læsis og námsárangurs.

MÁLTJÁNING & FRÁSAGNARHÆFNI (e. *verbal expression & narrative ability*)

Tjáning er mikilvægur hluti af þroska barna. Máltjáning (leikskóli) og framsögn (grunnskóli) eflir sjálfstæði og sjálfsmynd barna og unglinga og er grunnur jákvæðra og uppbyggilegra samskipta. Með markvissri þjálfun í uppbyggingu, framsetningu og miðlun efnis öðlast nemendur aukið öryggi í að tala fyrir framan hóp.

ORÐAFORÐI (e. *vocabulary*)

Orðaforði (merkingarfræði) er það safn orða sem einstaklingur skilur og hefur á valdi sínu. Góður orðaforði er grundvöllur þess að skilja talað og lesið mál og hefur áhrif bæði á hljóðkerfisfærni og leshraða. Því fleiri orð sem einstaklingur þekkir í texta, því meira verður næmið fyrir hljóðkerfinu og því hraðar og áreynslulausar les hann textann.

RITUN & STAFSETNING (e. *writing & spelling*)

Mál, lestur og ritun eru gagnvirk ferli sem þjálfa þarf samhliða. Við skrifum til að miðla upplýsingum; skiptast á skoðunum, segja frá, fræða og halda utan um upplýsingar. Færni í ritun byggir ekki eingöngu á réttri stafsetningu, heldur þarf einstaklingurinn að þekkja til mismunandi málsniða og tegunda texta út frá tilgangi hans.

UMKÓÐUN & ORÐAKENNSL (e. *decoding & word recognition*)

Umkóðun felur í sér að einstaklingur breytir táknum (bókstöfum) í hljóð og tengir þau saman í orð sem hann síðan leggur merkingu í. Smám saman ber barnið kennsl á fleiri orð og þarf ekki lengur að hljóða sig í gegnum þau (e. word recognition). Þegar barn hefur leyst „umkóðunargátuna“ kann það að lesa og sjálf lestrarþjálfunin tekur við. Hún varir út grunnskólann.

3. LYKILÞÆTTIR MÁL- OG LÆSISSTEFNU

3.1 ALMENNT

ÁHERSLUR

- ✓ Að skipaður sé verkefnisstjóri læsis á hvoru skólastigi
- ✓ Að vinna að markvissri málörvun gegnum leik, söng, sköpun og umhverfi
- ✓ Að vinna markvisst með grunnþætti læsis
- ✓ Að skapa og viðhalda ánægjulegri upplifun af lestri
- ✓ Að efla máltjáningu og framsögn barna í leik- og grunnskóla
- ✓ Að daglegur lestur fái rými í stundatöflu leik- og grunnskóla
- ✓ Að markviss og einstaklingsmiðuð lestrarkennsla fari fram í 1.-10. bekk
- ✓ Að efla kennslu og þjálfun ritunar sem leið til tjáningar og læsis
- ✓ Að skipað sé læsisteymi innan grunnskólans
- ✓ Að 90% nemenda geti lesið sér til ánægju og gagns við lok grunnskóla, sbr. *Hvítbók um umbætur í menntun*

LEIÐIR

- ✓ Leikur og áhugahvöt í námi í fyrirrúmi í öllu mál- og læsisstarfi leikskólans
- ✓ Áherslur í námi og kennslu leggi grunn að ánægjulegri upplifun af lestri
- ✓ Stuðst við gagnreyndar kennsluaðferðir til að efla lestrarfærni og lesskilning
- ✓ Einstaklingsmiðuð nálgun út frá stöðu og þörfum hvers nemanda
- ✓ Vettvangur skapaður fyrir fjölbreytilegar samræður við nemendur
- ✓ Ritmál, bókstafir og orð, gerð sýnileg í umhverfinu
- ✓ Viðfangsefni í lestri og ritun séu merkingarbær, fjölbreytt og áhugaverð
- ✓ Innihaldi lesinna texta miðlað til annarra í gegnum framsögn eða ritun
- ✓ Lesið heima fyrir börn í leikskóla og 1.-4. bekk grunnskóla
- ✓ Daglegur raddlestur nemenda í 1.-4. bekk grunnskóla og þeim sem ekki ná lágmarks lesfímiviðmiðum í 5.-6. bekk
- ✓ Nemendur í 7.-10. bekk þjálfaðir í mismunandi lestrarlagi eða lestrartækni
- ✓ Heimalestur: lestrarþjálfun nemenda í 1.-10. bekk a.m.k. 5 daga vikunnar, korter í senn
- ✓ Reglubundnir lestrarsprettir í 1.-10. bekk þar sem lesið er bæði heima og í skóla
- ✓ Fylgst náið með lestrarframvindu nemenda í 1.-10. bekk
- ✓ Farið eftir lesfímiviðmiðum Menntamálastofnunar og íhlutun veitt eftir þörfum
- ✓ Fjölbreytileiki og endurnýjun námsgagna og bókakosts á skólasafni
- ✓ Samstarf við sérfræðinga á sviði máls og læsis hjá Skólapijónustu Árnesþings
- ✓ Fjölbreytt sí- og endurmenntun kennara á sviði lestrar- og ritunarkennslu

3.2 FORELDRASAMSTARF

ÁHERSLUR

- ✓ Að foreldrar þekki til ábyrgðar sinnar og hlutverks í mál- og læsisuppeldi barna sinna, sbr. Aðalnámskrá grunnskóla 2011 (bls. 45)
- ✓ Að auka samræðu og samstarf við foreldra
- ✓ Að fræða, hvetja og styðja foreldra í hlutverki þeirra í læsisuppeldinu
- ✓ Að kennarar og foreldrar leggi sig fram við að hafa jákvæð og lausnamiðuð samskipti
- ✓ Að foreldrar, kennarar og starfsfólk skóla séu hvetjandi lestrarfyrirmyndir
- ✓ Að framfarir í læsi séu settar fram á skýran og hvetjandi hátt fyrir bæði foreldra og nemendur
- ✓ Að kennarar og foreldrar sameinist í að efla og viðhalda jákvæðu viðhorfi barna á lestri

LEIÐIR

- ✓ Foreldrar eru fyrirmyndir barna sinna í framkomu, hegðun, samskiptum og tjáningu
- ✓ Foreldrum kynnt mikilvægi jákvæðrar samveru fyrir málþroska og læsi barna sinna, með fjölbreytilegum upplestri, virkri hlustun, útskýringum og samtali
- ✓ Foreldrar hvattir til að heimsækja bókasöfn með börnum sínum
- ✓ Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki í að stuðla að velferð barna sinna og framförum í lestri og námi almennt. Þeir bera ábyrgð á að börnin fái nægan svefn, næringu, umhyggju og takmörkun á skjánotkun þeirra
- ✓ Foreldrar eru ábyrgir fyrir framkvæmd og skráningu á daglegum heimalestri, a.m.k. 5 daga vikunnar, korter í senn, út allan grunnskólann
- ✓ Foreldrum boðin ráðgjöf og stuðningur varðandi lestrarnám barna sinna
- ✓ Áhugavekjandi heimalestrarverkefni sem hvetja foreldra og börn til að lesa saman, fræðast og ræða um það sem lesið var
- ✓ Kynning *Mál- og læsisstefnu Flóahrepps* á báðum skólastigum
- ✓ Kynning á *Lesferli* og lesfímiviðmiðum Menntamálastofnunar
- ✓ Kynning á mikilvægi snemmtækrar íhlutunar og mismunandi úrræðum eftir eðli og umfangi frávika
- ✓ Foreldrar hvattir til að hafa samband við umsjónarkennara eða stoðþjónustu ef spurningar vakna um læsi og lestrarþjálfun, samvinna kemur nemandanum best

3.3 LESTRARMENNING

ÁHERSLUR

- ✓ Að gera bókmenntir og ritmál sýnilegt í umhverfinu
- ✓ Að efla lestraráhuga nemenda í gegnum áhugasvið þeirra
- ✓ Að skapa vettvang fyrir hugmyndir og verk nemenda sem tengjast máli, læsi og ritun
- ✓ Að stuðla að viðburðum sem tengjast máli, læsi og ritun
- ✓ Að endurnýja og efla bókakost skólanna
- ✓ Að efla starfsemi skólasafna svo að þau ýti undir lestraráhuga nemenda
- ✓ Að fara reglulega með nemendur á bókasöfn

LEIÐIR

- ✓ Læsishvetjandi efni í umhverfinu sé aukið
- ✓ Regluleg lestrarþjálfun
- ✓ Skipulögð verkefnavinna í bókmenntum og ritun
- ✓ Fjölbreytilegir viðburðir sem efla lestrarmenningu skólanna
- ✓ Skálda- og rithöfundakynningar kennara og eldri nemenda
- ✓ Bókmenntakynningar (ritdómar) nemenda fyrir aðra nemendur
- ✓ Rafrænir miðlar nýttir til kynningar á bókmenntum, rithöfundum og mikilvægi góðs læsis
- ✓ Heimsóknir skálda og rithöfunda í skólann
- ✓ Reglubundnir lestrarsprettir með mismunandi þemum
- ✓ Reglubundnar ljóðavikur, orðtaka- og málsháttavikur, krossgátuvikur og öðru því sem eflir máltilfinningu og málskilning nemenda
- ✓ Útgáfa skólablaðs, vefsíðu eða annarra miðla með textum nemenda
- ✓ Kennsluáætlun í upplýsinga- og tæknimennt þar sem nemendum er kennt og þeir þjálfaðir í að finna, meta og nota upplýsingar

3.4 FJÖLTYNGI OG FJÖLMENNING

ÁHERSLUR

- ✓ Að allir nemendur hafi sömu möguleika til að ná góðum árangri í læsi, óháð tungumáli
- ✓ Að efla orðaforða allra nemenda í íslensku og tengja móðurmáli þeirra sem hafa íslensku að öðru máli
- ✓ Að laga kennslaðferðir og námsefni nemenda með íslensku sem annað mál að aldri þeirra, þroska og stöðu í íslensku
- ✓ Að auka þátttöku nemenda með íslensku sem annað mál í hópstarfi
- ✓ Að efla markvisst virkt tvítyngi meðal nemenda með íslensku sem annað mál
- ✓ Að fræða foreldra um mikilvægi þess að tví- eða fjöltyngd börn eigi virkt móðurmál
- ✓ Að meta formlegt nám í móðurmáli, sem nemandi kann að sækja utan skóla (þar sem það er í boði), sem hluta af grunnskólanáminu
- ✓ Að efla skilning foreldra á mikilvægi íslenskunnar vegna náms- og starfsmöguleika
- ✓ Að fjölmening sé sýnileg í starfsháttum og umhverfi skólanna

LEIÐIR

- ✓ Skólinn meti námsstöðu nemenda sem nýkomnir eru til landsins og skipuleggi nám þeirra út frá stöðu hvers og eins
- ✓ Viðmið sett í lestri og ritun fyrir nemendur af erlendum uppruna
- ✓ Aðlögun skólastarfs og námsgagna að fjölmeningarlegum nemendahópum
- ✓ Beitt sé fjölmeningarlegum kennsluháttum, samvinnunámsaðferðum og fleiri árangursríkum aðferðum í margbreytilegum námshópum
- ✓ Sérstakur lestrarstuðningur við nemendur af erlendum uppruna svo að þeir hafi möguleika á að ná sömu viðmiðum í læsi og aðrir nemendur
- ✓ Markvisst unnið að eflingu orðaforða, mál- og lesskilnings nemenda með annað móðurmál en íslensku
- ✓ Bein orðaforðakennsla í öllum námsgreinum
- ✓ Lestur og umræður um bókmenntir sem veita innsýn í aðra menningarheima
- ✓ Tví- og fjöltyngdir nemendur fá tækifæri til að þróa bæði/öll tungumál sín í náminu
- ✓ Foreldrar tví- eða fjöltyngdra nemenda hvattir til að stuðla að virku tvítyngi barna sinna með því að viðhalda móðurmálinu
- ✓ Foreldrar tví- eða fjöltyngdra nemenda hvattir til að styðja við nám barna sinna, ekki síst skilning á textum ýmissa námsgreina
- ✓ Aukinn aðgangur nemenda að bókum á mismunandi tungumálum
- ✓ Tryggður sé aðgangur að túlkþjónustu á foreldrafundum þar sem þörf er á
- ✓ Fjölbreytileg sí- og endurmenntun kennara í ÍSAT (íslenska sem annað tungumál); kennslufræði og nemendanálgun

3.5 FRÁVIK OG ÍHLUTUN

ÁHERSLUR

- ✓ Að setja viðmið um hvenær og hvernig grípa þurfi inn í lestrarnám með aðstoð
- ✓ Að beita reglubundnum skimunum til að finna sem fyrst nemendur með frávik í málþroska, lestri og lestrartengdum þáttum
- ✓ Að bregðast við frávikum með snemmtækri íhlutun
- ✓ Að leita allra leiða til að draga úr neikvæðum áhrifum lesröskunar á skólagönguna; jafnt nám sem líðan nemenda
- ✓ Að veita öflugan lestrarstuðning í 1.-4. bekk út frá áherslum snemmtækrar íhlutunar
- ✓ Að veita lestrarstuðning fyrir aðra nemendur grunnskólans sem á því þurfa að halda
- ✓ Að veita öllum nemendum skólans næg tækifæri til að ná besta mögulega árangri í læsi
- ✓ Að kynna foreldrum og nemendum úrræði tengd slökum málþroska og lestrarerfiðleikum

LEIÐIR

- ✓ Fylgst vel með framþróun í lestrarnámi barna þar sem frávik geta haft áhrif á hegðun þeirra, líðan og námsframvindu
- ✓ Skipulegar og kerfisbundnar skimanir með viðurkenndum mælitækjum til að finna og styðja þau börn sem þurfa sérstakan stuðning til að efla málþroska og lestrarfærni
- ✓ Greiningar á málþroska- og lestrarvanda feli í sér ábyrgð til aðgerða
- ✓ Brugðist sé við með snemmtækri íhlutun um leið og grunur vaknar um frávik í málþroska eða læsi
- ✓ Niðurstöður samræmdra prófa nýttar til að koma til móts við nemendur sem ekki ná ásættanlegum árangri
- ✓ Foreldrum veitt ráðgjöf og þeir hvattir til samstarfs um aukna lestrarþjálfun nemanda með lestrarfrávik
- ✓ Einstaklingsáætlanir gerðar fyrir nemendur með væg frávik í læsi
- ✓ Einstaklingsnámskrár gerðar fyrir nemendur með mikil frávik í læsi
- ✓ Aukinn stuðningur og aðhald í læsi við nemendur í 5.-10. bekk
- ✓ Upplýsingaflæði milli skólastiga varðandi nemendur með frávik í málþroska eða læsi, bæði milli leik- og grunnskóla og milli grunn- og framhaldsskóla
- ✓ Samstarf við sérfræðinga á sviði máls og læsis hjá Skólajónustu Árneshöfna
- ✓ Öll íhlutun í kjölfar skimana og prófana er á ábyrgð skóla og út frá þeim björgum sem þeir hafa yfir að ráða

3.6 STARFSÞRÓUN

ÁHERSLUR

- ✓ Að hugað sé að starfsþróun með áherslu á samfellu og mótað ferli sem leiði til umbóta og jákvæðrar þróunar
- ✓ Að skólar í Flóahreppi séu skipaðir vel menntuðu og hæfu fagfólki
- ✓ Að efla sérþekkingu og fjölga fagmenntuðu starfsfólki
- ✓ Að kennarar sækji málþing, fræðslufundi, ráðstefnur og námskeið í læsisfræðum
- ✓ Að í skólunum sé nægilegt svigrúm til samráðs vegna læsiskennslu

LEIÐIR

- ✓ Aðgerðaáætlun sem miðar að fjölgun fagmenntaðra starfsmanna
- ✓ Ófaglærðu starfsfólki gert kleift að stunda kennsluréttindanám meðfram starfi
- ✓ Nýútskrifaðir kennarar fái stuðning og handleiðslu í starfi á fyrsta starfsári
- ✓ Starfsfólki leiðbeint við að gera rannsóknir og mat á eigin starfi
- ✓ Starfsfólk hvatt til þátttöku í þróunarverkefnum
- ✓ Starfsfólki gert kleift að fara í skólaheimsóknir innan- og utanlands
- ✓ Virk læsisteymi í skólunum og gott svigrúm til samstarfs, áætlanagerðar og miðlunar til annarra kennara og starfsmanna
- ✓ Stuðlað verði að endurmenntun kennara á sviði læsis
- ✓ Haldin verði námskeið um árangursríkar kennsluaðferðir í lestri og ritun og sótt um styrki í sí- og endurmenntunarsjóði þar sem við á
- ✓ Skólastjórnendur hvetji kennara til að afla sér símenntunar í samræmi við áherslur og áætlun skólans um eflingu málprosa og læsis

4. VERKFERLAR

LEIKSKÓLI

Aldur	Matstæki	Áherslupættir	Fyrirlögn
15-38 mán.	Íslenski smábarnalistinn	Mál- og hreyfiproski ásamt sjálfsbjörg barna	Sérkennari og foreldrar
1,5-3 ára	Orðaskil	Málþroski	Kennari og foreldrar
2,6 ára	Brigance og PEDS	Orðaforði, málskilningur og almennur þroski	Hjúkrunarfræðingur frá ungbarnaeftirliti heilsugæslu
3,5 ára	EFI-2	Málskilningur og máltjáning	Leikskólakennari/sérkennari
2-5 ára	TRAS	Frávik í mál- og félagsþroska	Leikskólakennari/sérkennari
3-6 ára	Íslenski þroskalistinn	Mál- og hreyfiproski ásamt sjálfsbjörg barna	Leikskólakennari/sérkennari og foreldrar
4 ára	Brigance og PEDS	Orðaforði, málskilningur og almennur þroski	Hjúkrunarfræðingur frá ungbarnaeftirliti heilsugæslu
4,9-6,1 ára	Hljóm-2	Hljóðkerfisvitund	Leikskólakennari/sérkennari

GRUNNSKÓLI

Árgangur	Matstæki	Áherslupættir	Fyrirlögn
1. bekkur	Lesferill	Lesskimun, lesfimi, nefnuhraði	Umsjónarkennari
1. bekkur	Íslenski mál-hljóðamælirinn	Íslensku máhljóðin	Sérkennari
2. bekkur	Lesferill	Lesfimi, orðleysa, sjónrænn orðaforði	Umsjónarkennari
2. bekkur	Íslenski mál-hljóðamælirinn	Íslensku máhljóðin	Sérkennari
3. bekkur	Lesferill	Lesfimi, orðleysa, sjónrænn orðaforði	Umsjónarkennari
3. bekkur	LOGOS skimun	Umskráning, lesfimi, orðaforði, lesskilningur	Sérkennari
4. bekkur	Lesferill	Lesfimi, orðleysa, sjónrænn orðaforði	Umsjónarkennari
4. bekkur	Samræmt próf	Lesskilningur, orðaforði og málnotkun	Umsjónarkennari
5. bekkur	Lesferill	Lesfimi	Umsj.kennari/ísl.kennari
6. bekkur	Lesferill	Lesfimi	Umsj.kennari/ísl.kennari

6. bekkur	LOGOS skimun	Umskráning, lesfimi, orðaforði, lesskilningur	Sérkennari
7. bekkur	Lesferill	Lesfimi	Umsj.kennari/ísl.kennari
7. bekkur	Samræmt próf	Lesskilningur, orðaforði og málnotkun	Umsj.kennari/ísl.kennari
8. bekkur	Lesferill	Lesfimi	Umsj.kennari/ísl.kennari
9. bekkur	Lesferill	Lesfimi	Umsj.kennari/ísl.kennari
9. bekkur	LOGOS skimun	Umskráning, lesfimi, orðaforði, lesskilningur	Sérkennari
9. bekkur	Samræmt próf	Lesskilningur, orðaforði og málnotkun	Umsj.kennari/ísl.kennari
10. bekkur	Lesferill	Lesfimi	Umsj.kennari/ísl.kennari

5. VIÐMIÐ UM ÁRANGUR

LEIKSKÓLI OG GRUNNSKÓLI

Matstæki	Áherslupættir	Viðmið
EFI-2 3,5 ára	Málskilningur og máltjáning	80% barna séu utan áhættu, tillit tekið til tvítyngdra barna
Hljóm-2 5 ára	Hljóðkerfisvitund	85% barna nái meðalfærni og/eða góðri færni, tillit tekið til tvítyngdra barna
Lesferill, lesskimun 1. bekkur	Málskilningur og orðaforði Bókstafa- og hljóðaþekking Hljóðkerfis- og hljóðavitund	80% nemenda séu utan áhættu
LOGOS 3. bekkur skimun	Umskráning, lesfimi, orðaforði, lesskilningur	80% nemenda séu utan áhættu
LOGOS 6. bekkur skimun	Umskráning, lesfimi, orðaforði, lesskilningur	80% nemenda séu utan áhættu
LOGOS 9. bekkur skimun	Umskráning, lesfimi, orðaforði, lesskilningur	80% nemenda séu utan áhættu
Lesferill 1.-10. bekkur	Lesfimi	Nemendur nái viðmiðum MMS í lesfimi (sjá töflu í lið 6)

6. LESFERILL MENNTAMÁLASTOFNUNAR (MMS)

Lesferill er yfirheiti á matstæki Menntamálastofnunar sem ætlað er að meta grunnþætti læsis; lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Um prófaflokk er að ræða og er ýmist um stöðupróf eða skimanir að ræða. Eitt þessara prófa er Lesfimi, sem er staðlað próf fyrir nemendur í 1.-10. bekk grunnskóla. Prófað er þrisvar sinnum í hverjum árgangi, í september, janúar og maí. Þannig má meta stöðu nemenda og framvindu í lestri, bæði innan árs og frá einum árgangi til annars. Viðmiðin sýna stíganda í færni nemenda og endurspeglar þær kröfur sem nemendur þurfa að mæta á næstu stigum náms. Lesfimi er mæld sem fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.

Lesfimi er samsett færni sem felst í leshraða, lestrarnákvæmni, áherslum og hrynjandi í lestri. Í lesfimiþrófum Menntamálastofnunar eru metnir tveir fyrstnefndu þættirnir, þ.e. lestrarnákvæmni og leshraði. Rannsóknir sýna sterk tengsl milli lesfimi og lesskilnings. Með því að bæta lesfimi nemenda má því efla lesskilning þeirra. Þegar lesfimi viðmiðum er náð þarf samt sem áður að þjálfar lestur áfram upp allan grunnskólann til að viðhalda góðri lesfimi. (Menntamálastofnun, sótt af <https://mms.is/lesferill> og https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimividmid_mms.pdf).

VIÐMIÐ Í LESFIMI, RÉTT LESIN ORÐ Á MÍNÚTU VIÐ LOK SKÓLAÁRS

Árgangur nemenda	90% viðmið lágmarksviðmið	50% viðmið almenn viðmið	25% viðmið metnaðarfull viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

7. FRÆÐSLUEFNI OG NÁMSGÖGN

Appland. Upplýsinga- og fræðsluvefur um notkun á smáforritum í skólasterfi. Leikskóli og grunnskóli.
<http://uttorg.menntamidja.is/2013/07/14/appland/>

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. Vefur um réttindi barna, fyrir börn, unglinga og fullorðna.
<https://barnasattmali.is/>

Börn og tónlist. <https://www.bornogtonlist.net/>

Félag lesblindra á Íslandi. Vefur um einkenni og úrræði fyrir lesblinda.
http://www.fli.is/index.php?option=com_frontpage&Itemid=1

Heimili og skóli. Landssamtök foreldra. <https://www.heimilhogskoli.is/>

Heimurinn er hér. Fjölmeningarstefna Reykjavíkurborgar.
https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/allir_med/fjolmenningarstefna_uppsett.pdf

Hugmyndir, reynsla og viðmið tengd kennslu barna með dyslexíu. (2010). Félag lesblindra á Íslandi.

Hvað einkennir góðan lesara? Menntamálastofnun.
https://mms.is/sites/mms.is/files/hvad_eink.godan_lesara_a3.pdf

Hvað einkennir góðan námsmann? Menntamálastofnun.
https://mms.is/sites/mms.is/files/hvad_einkennir_godan_namsmann-a3.pdf

Hvítbók um umbætur í menntun. https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf

Íslenskar rafbækur. <https://www.emma.is/>

Krakkavefir. Fjölbreytileg námsforrit Menntamálastofnunar fyrir tölvur/spjaldtölvur sem örva mál og læsi.
<https://mms.is/krakkavefir>

Leikur að bókum. Hugmyndir til að vinna með barnabækur í leikskóla. <https://www.leikuradbokum.net/>

Lengi býr að fyrstu gerð. Handtæk læsisráð til að styðja málþroska barna. Á íslensku og ensku:
<https://mms.is/sites/mms.is/files/laesisrad.pdf> & https://mms.is/sites/mms.is/files/laesisradin_-_enska_utgafan.pdf

Lesblinda / Dyslexía – fróðleikur og ráðgjöf. (2007). Félag lesblindra á Íslandi.

Lesfímiviðmið Menntamálastofnunar fyrir alla árganga grunnskólans.
https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimidmid_mms.pdf

Lesum meira. Læsi í krafti foreldra. Stutt myndband um læsi. Menntamálastofnun. <https://www.lesummeira.is/>

Lesvefurinn. Fróðlegt og gagnlegt efni um læsi og lestrarerfiðleika. www.lesvefurinn.hi.is

Litla sól – spjallað og leikið við yngstu börnin. (2017). solbokin@gmail.com

Ljáðu mér eyra. Bók með verkefnum sem þjálfar hljóðkerfisvitund. <https://a4.is/product/ljadu-mer-eyra-undirbuningur-fyrir-lestur-4-utg>

Ljáðu mér eyra. Spil sem undirbúa börn fyrir lestrarnám. <https://a4.is/product/ljadu-mer-eyra-spil-hljodgreining-fyrsta-hljod>

Lubbi finnur málbein. Námsbók til að þjálfar íslensku málhjóðin. <http://www.lubbi.is/>

Lærum og leikum með hljóðin. Fræðsluefni, námsbók, veggspjöld og smáforrit. <https://laerumogleikum.is/>

Læsisáttmáli heimilis og skóla. Læsisuppeldi foreldra, leiðbeiningar í sex skrefum.
<http://www.heimiliogskoli.is/laesissattmali/>

Markviss málörvun. Kerfisbundin þjálfun í hljóðkerfisvitund gegnum leik. Fæst einnig sem rafbók.
<https://mms.is/namsefni/markviss-malorvun-pdf>

Menningarmót. *Fjúgandi teppi.* Þverfaglegt verkefni til að varpa ljósi á styrkleika og fjölbreytta menningarheima.
<http://tungumalatorg.is/menningarmot/>

Menningarmót. *Rætur og vængir.* Aðferð við tungumálakennslu, jafnt í móðurmáli sem íslensku sem öðru máli.
<http://tungumalatorg.is/menningarmot/tungumalakennsla/>

Miðja máls og læsis. Útskýringar á hugtökum tengdum máli. <https://mml.reykjavik.is/mal/>

Miðja máls og læsis. Útskýringar á hugtökum tengdum læsi. <https://mml.reykjavik.is/laesi/>

Móðurmál. Samtök um tvítyngi. Leiðir til að styðja við móðurmál tvítyngrdra barna. <http://www.modurmal.com/>

Námsefni sem ætlað er til málörvunar og lestrarkennslu barna. Lesvefurinn. <http://lesvefurinn.hi.is/namsefni>

Orðaforðalisti Menntamálastofnunar. Hugtök sem æskilegt er að börn á leikskólaaldri hafi á valdi sínu.
<https://mms.is/sites/mms.is/files/ordalisti.pdf>

Orðaspjall. Leið til að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri. <http://lesvefurinn.hi.is/node/240>

Skólaorðaforði. Íslenska sem annað mál. Aðferðir og leiðir. <http://tungumalatorg.is/sisl/efnisbanki/siop/>

Tákn með tali (TMT). Tjáningarform, ætlað heyrandi einstaklingum sem eiga við mál- og talörðugleika að etja.
<http://tmt.is/forsida.htm>

Tungumalatorg. Námsefni og fróðleikur tengt fjöltyngi. <http://tungumalatorg.is/>

Unglingavefir. Fjölbreytileg námsforrit Menntamálastofnunar fyrir tölvur/spjaldtölvur sem örva mál og læsi.
<https://mms.is/unglingavefir>

Þjóðarsáttmáli um læsi. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/thjodarsattmali-um-laesi/>

8. HEIMILDIR OG STUÐNINGSRIT

Aðalnámskrá grunnskóla. (2011). Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettatengt2016/Adalsnamskra-grunnskola-3.-utg.-2016.pdf>

Aðalnámskrá leikskóla. (2011). Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf

Arnheiður Borg, Halldóra Halldórsdóttir o.fl. (2009). Talað mál og hlustun. Íslenska í 1. og 2. bekk. *Handbók kennara*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Baldur Sigurðsson. (2017). Punktur um læsi (í víðum skilningi). *Skólaþræðir*. Sótt af <http://skolathraedir.is/2017/09/24/punktur-um-laesi-i-vidum-skilningi/>

Elín Þöll Þórðardóttir. (2007). Móðurmál og tvítýngi. *Fjölmennning á Íslandi*. Ritstjórar Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson. Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Guðmundur Engilbertsson. (2010). Orð af orði – áhrif markvissrar orðakennslu á orðaforða og lesskilning nemenda. Háskólinn á Akureyri.

Halldóra Haraldsdóttir. (2012). Er samfella í læsiskennslu barna á mótum leik- og grunnskóla? *Netla, vef tímarit um menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/018.pdf>

Hvítbók um umbætur í menntun. (2014). Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf

Lesvefurinn. Um læsi og lestrarerfiðleika. Sótt af <http://lesvefurinn.hi.is/node/132>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). Hvítbók um umbætur í menntun. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf

Menntamálastofnun. Lesfímiviðmið fyrir alla árganga grunnskólans. Sótt af https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimividmid_mms.pdf

Skólafestna Flóahrepps. Sótt af <https://www.floahreppur.is/stjornsysla/skolastefna-floahrepps/>

Stefán Jökulsson. (2012). Læsi. *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/grunnth_laesi.pdf

Unesco. (2012). *Literacy*. Sótt af www.unesco.org/new/en/education/themes/education-building-blocks/literacy/

RÝNIHÓPUR UM MÁL- OG LÆSISSTEFNU FLÓAHREPPS

Alma Anna Oddsdóttir

Axel Páll Einarsson

Björg Kvaran

Eydís Þ. Indriðadóttir

Fanney Ólafsdóttir

Guðbjörg Hólm Þorkelsdóttir

Gunnlaug Hartmannsdóttir

Hulda Kristjánsdóttir

Jóhanna Eðvaldsdóttir

Mareike Schacht

Pia Rita Simone Schmauder

Stefanía Ósk Benediktsdóttir

Ægir Sigurðsson

VERKEFNISSTJÓRI

Draumey Aradóttir

Læsisstefna Flóahrepps var samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps 04.06.2019

Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri Flóahrepps

